

Fundargerð 56. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 7. október 2019, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Sóknaráætlanir landshluta 2020-2024
2. Samskiptaáætlun landshluta
3. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis
4. Samráðsfundur stýrihóps og landshlutasamtaka
5. Frumvarp til fjárlaga og byggðamál
6. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024
7. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Arnar Freyr Einarsson (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Karl Björnsson (Sambandinu), Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Hermann Sæmundsson (SRN) var einnig viðstaddur.

Fjarverandi: Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN) og Þór Þórarinsson (FRN).

Fundargerð 55. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

Karitas Gunnarsdóttur (MRN) lætur nú af störfum í stýrihópnum og voru henni þökkuð góð störf. Í hennar stað kemur Baldur Þórir Guðmundsson (MRN). Bjarni Guðmundsson (SASS) tekur nú við sem áheyrnarfulltrúi landshlutasamtakanna og formaður bauð hann velkominn og þakkaði Unni gott samstarf.

1. Sóknaráætlanir landshluta 2020-2024

Formaður fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á samningsdrögum frá síðasta fundi í júní. Fram kom að enn er ekki búið að ákveða dagsetningu undirritunar sóknaráætlana landshluta, en hún ætti þó að liggja fyrir fljótlega. Nú hafa þrjú landshlutasamtök sett drög að sóknaráætlunum í samráðsgátt Stjórnarráðsins og væntanlega verða aðrar áætlanir einnig settar þar inn. Ráðherra hefur staðfest skiptareglu fjármuna milli landshluta og nokkur umræða varð um það mál.

2. Samskiptaáætlun landshluta

Í drögum að samningum um sóknaráætlanir landshluta segir að í því skyni að vekja athygli á sóknaráætlun setja landshlutasamtökin sér samskiptaáætlun, sem endurskoðuð er árlega. Þar kemur meðal annars fram hvernig kynna á sóknaráætlunina fyrir helstu markhópum, fyrirhugaðir fundir og ráðstefnur, áætlun um greinaskrif, auglýsingar og virkni á samfélagsmiðlum. SSNV hefur þegar unnið drög að samskiptaáætlun og kynnti framkvæmdastjóri þeirra áætlunina. Rætt var um kosti þess að stýrihópurinn setji sér samskiptaáætlun.

3. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis

Verkefnisstjóri kynnti ásamt Laufeyju K. Skúladóttur verkefni A.18 á byggðaaætlun um skilgreiningu opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis. Byggðastofnun vinnu nú að þessu verkefni og leggur áherslu á ná þarf víðtækri sátt um skilgreininguna. Talsverð umræða varð um þennan lið og bent á nauðsyn á breiðu samstarfi um þetta verkefni m.a. hjá ráðuneytum og stofnunum, að skoða þurfi aðrar áætlanir og verkefni sem gætu tengst viðfangsefninu. Verkefnisstjóri óskaði eftir því að fá, ásamt Laufeyju og Sigríði Elínu Þórðardóttur á Byggðastofnun, að kynna verkefnið betur og fá umræðu um það á fundi stýrihópsins fyrir jól og var það samþykkt.

4. Samráðsfundir stýrihópsins og landshlutasamtaka

Formaður og verkefnisstjóri fóru yfir mögulega fundardaga. Nokkuð var rætt um skráningu á fundi. Ákveðið að alla vega tveir fulltrúar stýrihópsins ásamt formanni og verkefnisstjóri þurfi að mæta svo sé fundarfært.

5. Framkvæmd byggðaaætlunar 2018-2024

Formaður fór yfir framgang byggðaaætlunar og flestar aðgerðir í vinnslu. Þessi liður er fastur liður á fundum stýrihópsins og byggðamálaráðs og er hugsaður til upplýsingar.

6. Frumvarp til fjárlaga og byggðamál

Verkefnisstjóri hafði sent erindi Byggðastofnunar til fulltrúa stýrihópsins varðandi umsögn stofnunarinnar um áhrif fjárlagafrumvarpsins á byggðamál. Fram kom að fulltrúar FJR og HRN hefðu svarað erindinu.

7. Önnur mál

Karitas og Unnur þökkðu fyrir samstarfið þann tíma sem þær hafa setið í stýrihópnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25